



Útfærsla skólans á grunnpáttum menntunar og áherslupáttum grunnskólalaga

Í aðalnámskrá grunnskóla 2011 kemur fram:

„Í sameiginlegum inngangskafli fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru skilgreindir grunnpættir í íslenskri menntun. Þessir grunnpættir eru:

- læsi
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun

Grunnpættir í menntun ásamt áherslupáttum grunnskólalaga skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum í grunnskóla. Þeir eiga að birtast í inntaki námsgreina og námssviða aðalnámskrár, í hæfni nemenda, námsmati, skólanámskrá og innra mati skólans. Grunnskólinn er eina skólastigið sem nemendum er skylt að sækja og er því mikilvægur vettvangur til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnpáttanna og sem búa þau undir þátttöku í lýðræðissamfélagi.“

<https://namskra.is/books/adalnamskragrunnskola2011/grunthaettirimenntunogaherslurigrunskolalogum>

Í aðalnámskránni er grunnskólum landsins ætlað að skólastarfið feli í sér uppeldi og þjálfun nemenda í að tileinka sér mikilvæg gildi og þekkingu á ýmsum hugtökum. Áhersla er lögð á:

Sjálfsvitund, siðgæðisvitund eða siðvit, **félagsvitund, borgaravitund, félagsfærni, líkamlega og andlega velferð hvers og eins, færni í að nýta íslensku í námi, leik og starfi.** Efla rökhugsun og gagnrýna hugsun leggja áherslu á **frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám** þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi. Gæta að **jafnvægi sé milli bóklegs náms og verklegs.** Nýta **leik** til náms- og þroska, gera nemanda kleift að takast á við **viðfangsefni daglegs lífs** og jafnframt að **búa hann undir að frekara nám og starf** að skyldunámi loknu, **búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu**, bæði í einkalífi, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Auk þess er lögð áhersla á að námshæfni og mikilvægi þess að nemendur **aflí þekkingar og leikni** eftir margvíslegum leiðum. Einnig þarf að skipuleggja **náms- og starfsfræðslu** og tryggja nemendum víðtæka kynningu á námi sem er í boði að loknu skyldunámi, kynningu á atvinnulífinu og hvernig nám býr fólk undir fjölbætt störf sem bjóðast í samfélaginu.

Við í Tjarnarskóla höfum haft öll þessi gildi að leiðarljósi og vinnum meðvitað að því að uppfylla þessi skilyrði, enda öll afar mikilvæg í skólastarfi.

Læsi

Lestur er undirstaða alls náms. Lestrarþjálfun er fastur liður í skólastarfi Tjarnarskóla.

Þegar nemendur byrja í skólanum, hvort sem það er í 8., 9. eða 10. bekk, taka þeir þátt í lesskimun sem fagaðili leggur fyrir. Ef niðurstöður gefa tilefni til þá er framkvæmd Logosgreining.

Við höfum farið ýmsar leiðir í lestrarþjálfun í skólanum í gegnum tíðina og gert grein fyrir í mörgum sjálfsmatsskýrslum. Skólaárið 2016 – 2017 höfðum við í fyrsta skipti Palskennara í okkar röðum. Sama ár ákváðum við að hafa lestrarfærni sem nýtt sjálfsmatsverkefni sem er enn á dagskrá. Markmiðið er að auka leshraða og lesskilning nemenda með því að beita annars vegar Palsaðferðinni fyrir hóp nemenda en hins vegar með lestrarátaki og auknum yndislestri.

Markmiðið er ávallt að bæta lestrarfærni nemenda og leitum sífellt leiða til að ná framförum og mæla þær með markvissum hætti. Undanfarin ár höfum við séð að þær aðferðir sem hafa verið notaðar hafa bætt færni samkvæmt mælingum. Sjá nánar í sjálfsmatsskýrslum 2018-2019 og 2019 - 2020.

<http://www.tjarnarskoli.is/page/sjalfsmat>

Til nánari útskýringa má sem dæmi sjá að skólaárið 2019-2020 var unnið samkvæmt eftirfarandi áætlun:

- Við byrjum alla morgna á lestri og lesum frá 8.30 til klukkan 8:50.
- Við hvetjum nemendur til heimalesturs.
- Nemendur eiga að lesa a.m.k. eina bók á önn og í lok hvernar annar skila þeir kjörbókarritgerð eða verkefni um bókina. Verkefnið er hluti af námsmáti í íslensku.
- Einnig er fyrirhugað að lesa einu sinni til tvisvar í viku í íslenskutíma.
- Einu sinni yfir veturinn er lestrarátak í fjórar vikur þar sem lestri nemenda er fylgt eftir með verkefnum. Þá eiga nemendur að lesa að lágmarki 70 blaðsíður á viku.
- Í íslensku verður unnið heildstætt verkefni sem kallast *Lestin*. Þá lesa nemendur bók að eigin vali og vinna ýmis verkefni í tengslum við hana.
- Fyrsta dag eftir jólafrí er „kósý“ lestrarstund, nemendur mæta með svefnpoka og góða bók og við lesum fram að frímínútum. Kennari mætir líka með bók.
- Við leggjum áherslu á að nemendur lesi sjálfir námsefni sitt í samfélagsfræði, náttúrufræði og öðrum greinum. Notum ýmsar leiðir í námstækni til að auðvelda nemendum að skilja það sem þeir lesa.
- Við munum lesa saman bók í Skerpu og vinna verkefni úr henni.
- Nemendum sem ná ekki að nýta lestrartímann sinn á morgnana verður boðin aðstoð við lesturinn hjá sérkennara.
- Við mælum framfarir nemenda með þremur lesfímiprófum yfir veturinn, notum stöðluð próf frá MMS. Lestrareinkunn kemur fram á vitnisburðarblaði á hverri önn ásamt viðmiðum MMS.
- Við mælum lesskilning tvisvar sinnum yfir veturinn.

Þessi áætlun var hluti af sjálfsmatsverkefni skólaársins 2019 – 2020.

Sjálfbærni

Sjálfbærni í skólastarfi felur í sér það markmið að styðja nemendur til þess að gera sér sem best grein fyrir mikilvægi og skyldu okkar að skila umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og leitast við að leggja okkar af mörkum til að svo megi verða.

Undanfarin ár höfum við í Tjarnarskóla tekið mörg skref til þess að vera sem virkust í að nálgast þessi markmið sem best. Við höfum fengið fyrirlesara (umhverfisfræðing og fleiri) til þess að fræða okkur um viðfangsefnið, farið með nemendur í heimsóknir; s.s. endurvinnslustöðvar Sorpu, sýnt fræðslumyndir og tekið öfluga umræðu. Í hópi nemenda eru mjög áhugasamir nemendur um málefnið. Þeir mæta nánast á hverjum föstudegi á Austurvöll og víðar til þess að leggja baráttunni lið.

Skólaráðið hefur verið öflugur þátttakandi í þessari vinnu okkar eins og sjá má í fundargerðum ráðsins; <http://www.tjarnarskoli.is/page/skolarad-2013-2014>. Sem dæmi fengum úrbætur í sorphlokkunarmálum af hálfu Reykjavíkurborgar og nú flokkum við allt sorph eins og aðstæður leyfa.

Þær námsgreinar sem taka umhverfismálin föstum tókum eru fyrst og fremst náttúrufræði og samfélagsfræði. Einnig fléttast fleiri námsgreinar inn í s.s. tungumál og nemendur hafa auk þess gert flott rannsóknarverkefni á þessu sviði.

Við höfum auk þess verið með námskeið í endurnýtingu og í listgreinum er gjarnan stunduð endurvinnsla eftir föngum.

Heilbrigði og velferð

„ Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, bls. 23).

Skólabragurinn í Tjarnarskóla gengur út frá að uppfylla markmið aðalnámskrár um heilbrigði og velferð sem best. Skólareglurnar undirstrika mikilvægi heilbrigðra lífshátta og eru að hluta til sáttmáli um það. Við gætum þess að efla sjálfmynd unglínganna okkar, fræða þá markvisst um heilbrigði, kynheilbrigði, mataræði og mikilvægi hreyfingar. Nemendur eru gjarnan minntir á að þeir eru það dýrmætasta sem þeir eiga og mikilvægi þess að hlúa að eigin líkama, andlegri vellíðan og styrk. Nemendur í 8. og 9. bekk eru með sérstaka mannræktartíma einu sinni í viku. Þessum tímum er varið í að stuðla sérstaklega að heilbrigði og velferð, auka samskiptahæfni og í þeim er fjallað um markmið aðalnámskrár á þessu sviði. Við fáum gjarnan góða fyrirlesara til þess að fræða nemendur um heilbrigði, mikilvægi þess að taka góðar ákvarðanir, forðast óæskilega neyslu skaðlegra efna og mikilvægi þess að vera meðvitaður um eigin ábyrgð.

Skólastarfið hefur ávallt tekið mið af þörfum hvers og eins, hvort heldur er námslega en ekki síður félagslega og á forsendum einstaklinganna.



Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi

Jafnrétti, lýðræði og mannréttindi eru meðal hornsteina þjóðfélagsins. Í skólastarfinu er mikilvægt að nemendur kynnist báðum hugtökum; bæði fræðilega en ekki síður með því að upplifa réttindi sín og lýðræðisvitund í skólanum og taki þátt í umræðum um þessi málefni. Lýðræðisumræðan fléttast inn þvert á námsgreinar og kennarar nýta sem flest tækifæri til þess að efla lýðræðisvitund og þekkingu á hugtakinu.

„ Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti bls. 21.)

Það er ánægjulegt hvað fulltrúar nemenda eru virkir í skólaráði Tjarnarskóla. Nemendur eru auk þess hvattir til þessa að hafa áhrif á ákvarðanatöku og æfa sig í lýðræðislegri ákvarðanatöku í dagsins önn. Nemendur heimsækja Alþingi Íslendinga á hverju ári og Skólaþing þar sem þeim gefst tækifæri til að kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum. Fréttatengt efni um lýðræði og mannréttindi eru gjarnan nýtt til þess að efla vitund nemenda á þessu sviði. Mannræktartímar í 8. og 9. bekk hafa hvort tveggja í námslýsingu.


Jafnrétti

„ Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti bls. 22.)

Mannréttindaáætlun

Í skólanum höfum við unnið áætlun um mannréttindi og jafnrétti sem nálgast má á krækjunni:

<http://sm.tjarnarskoli.is/skrar/skolanamskra-2020/manrrttindi-og-jafnrtti-tjarnarskli.pdf>



Sköpun

„ Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti bls. 24.)

Skapandi skólastarf

Miklivægt er að laða fram sköpunarkraft nemenda í skólastarfinu. Í Tjarnarskóla höfum við farið ýmsar leiðir til þess að ýta undir þennan færniþátt hjá hverjum og einum. Myndmennt, leiklist, tónlist, viðfangsefni þemadaga, samþætt verkefni af ýmsu tagi, uppbrot, skapandi vinna í tengslum við hinar ýmsu námsgreinar eru ávallt í brennidepli í skólastarfinu. Rannsóknarverkefni vetrarins hafa verið okkar stolt. Við gerð þeirra er lögð mikil áhersla á skapandi framsetningu og fjölbreytni í efnistöfum. Margar myndir eru til í vörslu skólans sem sýna fram á óendanlegt hugmyndaflug og sköpun nemenda á þessu sviði. Við höfum sóst eftir að fá gesti, fara með nemendur í heimsóknir sem tengist listsköpun af ýmsu tagi. Skapandi skrif, leiklist, kvikmyndalist og fleira skemmtilegt eru viðfangsefni á hverjum skólavetri. Hönnun og handverk hafa sprottið fram í textílmennt, leirlist, myndlist og fablabnámskeiðum og nemendur hafa einnig verið skapandi í tölvuforritun og stuttmyndagerð, tekið þátt í Stíl, Skrekk og Söngkeppni og Danskeppni grunnskóla á vegum Samfés og margt fleira hefur litið dagsins ljós. Rithöfundar hafa komið til okkar og lesið upp úr verkum sínum og matargerðarlist verið þjálfuð. Við gerum sköpun mjög hátt undir höfði. Ferðir á listasöfnin eru á dagskrá á hverjum vetri og kennarar eru hugmyndaríkir í að flétta skapandi viðfangsefnum inn í ólíkar námsgreinar.

